

133
16. okt. **Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll af „matrix“ (myndamót).**

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir ákveðið, að fyrst um sinn, þar til er öðruvísi verður ákveðið, skuli tolla „matrix“ (myndamót) sem myndamót (Chlichéer) með 7 auru vörumagnstolli hvert kg og 8% verðtolti.

134
16. okt. **Aðvörun frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu í 59. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940, um matjurtasjúkdómahættu vegna innflutnings jarðepla og grænmetis til brezka setuliðsins.**

Vegna þeirrar hættu, sem er á því, að matjurtasjúkdómar geti borizt til landsins með jarðeplum og grænmeti, sem hingað flyzt frá útlöndum, eru menn varaðir við því, að reyna að notfæra sér til skepnufóðurs eða áburðar ósoðinn jarðepla eða grænmetisúrgang frá brezka setuliðinu. Sama er um úrgang úr erlendum jarðeplum og grænmeti, sem flutt eru inn til sölu í landinu. Einnig eru menn varaðir við að fleygja slíkum úrgangi frá sér, þannig, að skepnur geti komizt í hann eða sýklar borizt í jarðveginn með honum.

Jafnframt þessu skal það brýnt fyrir öllum þeim, sem hugsa til jarðeplaræktunar á komandi sumri, að taka frá í tíma nægilegt útsæði af innlendum jarðeplum og að nota engin erlend jarðepli til útsæðis, nema þau, sem grænmetisverzlun ríkisins eða atvinnudeild háskólans kynnu að láta út í því skyni.

135
18. okt. **Auglýsing frá ríkisstjórninni í 58. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940, um reglur fyrir almenning um umferð með ströndum fram vegna hernaðaraðgerða Breta.**

Brezku hernaðaryfirvöldin hér á landi hafa talið nauðsynlegt að setja strangar reglur um umferð almennings með ströndum fram á nánar tilgreindum svæðum, þar sem hervörður er hafður.

Svæðin eru þessi:

- a) Strandlengjan frá Borgarfirði til Hafnarfjarðar, að þeim fjörðum meðtöldum.
- b) Strandlengjan frá Skagafirði til Skjálfanda, að þeim fjörðum meðtöldum.
- c) Strandlengjan frá Seyðisfirði til Reyðarfjarðar, að þeim fjörðum meðtöldum, og
- d) Strandlengjan báðum megin Hrótafjarðar fyrir sunnan Hrótey.

Reglna þessara skal gætt á hverjum stað á tímabilinu frá einni stundu eftir sólsetur til einnar stundar fyrir sólarupprás, og þeir sem vanrækja að fara eftir þeim, geta átt á hættu að verða fyrir líftjóni.

Myrkurtíminn fyrir hvern mánuð verður auglýstur hinn 1. þess mánaðar, fyrir hvert svæði.